

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 35/97  
frá 29. maí 1997**

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á  
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með  
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir  
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.  
29/96 frá 26. apríl 1996<sup>(1)</sup>.

Tilmæli ráðsins 96/694/EB frá 2. desember 1996 um jafna þátttöku karla og kvenna í  
ákvarðanatökuférlinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilmæli ráðsins 96/694/EB skulu flokkuð sérstaklega með öðrum gerðum sem samningsaðilar  
skulu taka mið af.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

1. gr.

Eftirfarandi komi aftan við 21. lið (tilskipun ráðsins 86/613/EBE) í XVIII. viðauka við  
samninginn:

„GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF:

Samningsaðilarnir taki mið ef efni eftirfarandi gerða:”

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 82 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 25. 7. 1996, bls. 84.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 319, 10. 12. 1996, bls. 11.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21b (ályktun ráðsins 95/C 168/02) í XVIII. viðauka við samninginn:

„21c. 396 X 0694: Tilmæli ráðsins 96/694/EB frá 2. desember 1996 um jafna þátttöku karla og kvenna í ákvarðanatökuferlinu (Stjtið. EB nr. L 319, 10. 12. 1996, bls.11).“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilmæla ráðsins 96/694/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

C. Day

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner